

Ár 2015, miðvikudaginn 1. október, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) haldið af Halldóri Frímanssýni, Sigurði I Halldórssýni og Sigurði Magnússýni, dómurum í dómstól ÍSí, Engjavegi 6, 104 Reykjavík.

Fyrir var tekið málið nr. 8/2015:

Lyfjaráð ÍSí

gegn

Þorvaldi Árna Þorvaldssýni

og kveðinn upp svohljóðandi:

DÓMUR

Mál þetta er höfðað með kæru Lyfjaráðs ÍSí, dags. 1. júlí 2015, þar sem Þorvaldur Árni Þorvaldsson, kt. 210875-4179, er kærður fyrir lyfjamisnotkun. Af kæru verður ráðið að öll gögn málsins hafi borist Lyfjaráði 23. júní 2015. Samkvæmt því er ákært innan 4ra vikna kærufrests, sbr. grein 24.1. í Lögum Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands. Kærða var gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum í málinu og skilaði umboðsmaður kærða greinargerð, dags. 13. júní 2015. Lyfjaráði var kynnt greinargerðin og gefið kostur á að koma að sínum sjónarmiðum um hana. Greinargerð barst frá kæranda, dags. 20. júlí 2015. Kærða var kynnt greinargerðin og gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum um hana. Greinargerð barst frá kærða, dags. 7. ágúst 2015.

Málið var þingfest 7. september 2015. Þar ákvað dómurinn skriflegan málflutning eftir að aðilar höfðu lýst gagnaöflun lokið. Ákveðið að boða næstu fyrirtöku í málinu 23. september 2015, til þess að taka skýrslu af kærða og vitnum. Tekin var skýrsla af kærða 23. september 2015, en engin vitni voru kölluð fyrir dóminn. Framburður kærða liggur fyrir í endurriti frá fyrirtökunni.

I

Dómkröfur

Kærandi: Þess er krafist að kærði verði dæmdur til 8 ára óhlutgengis til þátttöku í allri starfsemi sem fram fer á vegum ÍSí, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra, frá 12. Júní 2015 að telja, þegar kærði samþykkti bráðabrigðabann skriflega. Auk þess er krafist að árangur kærða í Reykjavíkurmestaramóti Fáks sem haldið var 6-10. maí 2015 sé ógiltur í samræmi við grein 9 í Lögum ÍSí um lyfjamál. Ennfremur er krafist að ásamt sjálfkrafa ógildingunni á árangurs í keppni þar sem sýni sýndi fram á lyfjamisnotkun samkvæmt grein 9 skal allur annar árangur kærða frá þeim degi sem sýnið var tekið (hvort sem það var í keppni eða utan keppni), eða önnur lyfjamisnotkun átti sér stað,

eftir upphaf bráðabrigðabanns eða óhlutgengis teljast ógildur, nema sanngirni krefjist annars, með öllum tilheyrandi afleiðingum svo sem sviptingu verðlaunapeninga, stiga og verðlaunafjár.

Kærði: Aðallega að kærði, Þorvaldur Árni Þorvaldsson, verði sýknaður af kröfu Lyfjaráðs ÍSÍ. Til vara að kærða verð gerð vægasta refsing og að refsing taki aðeins til þátttöku í keppnum, sem knapi.

II

Gögn málsins

Framlögð gögn eru eftirfarandi:

1. Kæra, dags. 1. júlí 2015 ásamt fylgiskjölum:
 - a) Lyfjaeftirlitseyðublað, dags. 8. maí 2015
 - b) Niðurstaða úr sýni A, dags. 27. maí 2015
 - c) Bráðabirgðaskýrsla vegna falls á lyfjaprófi, dags. 27. maí 2015
 - d) Skýrsla Auðar Aðalbjarnadóttur, dags. 28. maí 2015
 - e) Iðkendalisti, dags. 9. júní 2015
 - f) Kvittun frá Íslandspósti, dags. 11. júní 2015
 - g) Bráðabirgðabann, dags. 12. júní 2015
 - h) Beiðni um rannsókn á sýni B, dags. 12. júní 2015
 - i) Umboð, dags. 19. júní 2015
 - j) Niðurstaða úr sýni B, dags. 22. júní 2015
 - k) Bréf lögmanns kærða, dags. 23. júní 2015
 - l) Bréf Lyfjaeftirlitsnefndar til Lyfjaráðs, dags. 23. júní 2015
2. Greinargerð kærða, móttekin 13. júlí 2015, ásamt fylgiskjali
3. Mótaskrá 2015 Landssambands hestamannafélaga, útprentuð af vef 14. júlí 2015
4. Greinargerð kæranda, dags. 20. júlí 2015
5. Greinargerð kærða, dags. 7. ágúst 2015

III

Málavextir og málsástæður

Samkvæmt kæru var kærði, Þorvaldur Árni Þorvaldsson, kt. 210875-4179, sem er félagi í Hestamannafélaginu Ljúfi, boðaður í lyfjaeftirlit 8. maí 2015, eftir keppni í tölti á Reykjavíkurmeistaramóti Fáks í Víðidal. Gekkst kærði undir lyfjaeftirlitið eftir fortölur aðstandenda og lét í té þvagsýni (A- og B-sýni), sem sent var til greiningar á Karolinska Universitetssjúkhus í Svíþjóð.

Niðurstöður greiningar á A-sýni bárust Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ þann 27. maí 2015. Þær sýndu að í sýninu var að finna örvandi efnið **amfetamín**, sem er í flokki S6a á lista WADA yfir bönnuð efni og aðferðir (bannlista WADA).

Fyrst voru gerðar tilraunir til að gera kærða grein fyrir niðurstöðum úr greiningu á A-sýni símleiðis þann 27. maí 2015, en án árangurs þar sem ekki náðist í hann í síma né með skilaboðum. Í framhaldinu var sendur ábyrgðarpóstur á heimilisfang kærða sem var mótttekinn með undirskrift þann 10. júní 2015. Kærði hafði samband við formann Lyfjaeftirlitsnefndar í síma þann 11. júní fékk staðfestingu á niðurstöðu greiningar A-sýnis. Kærði kom til skýrslutöku þann 12. júní og samþykkti þar bráðabrigðbann auk þess sem hann óskaði eftir að B-sýni yrði greint. Niðurstaða úr greiningu B-sýnis barst Lyfjaeftirlitsnefnd 22. júní 2015 og og reyndist hún styðja niðurstöðu A-sýnis.

Líta beri til þess að kærði var dæmdur fyrir lyfjamisnotkun fyrir rétt um ári síðan þar sem upprunalegur dómur upp á 3 mánuði var mildaður í 1 mánuð af áfrýjunardómstól ÍSÍ (mál 03/2014).

Af hálfu kæranda er vísað til þess að samkvæmt gr. 4.1.1. í lögum ÍSÍ um lyfjamál gildir bannlisti WADA innan ÍSÍ og á m.a. við alla skráða félagsmenn í félögum innan sambandsaðila ÍSÍ, sbr. gr. 1.2.1. Samkvæmt gr. 2 í lögum ÍSÍ um lyfjamál er lyfjamisnotkun bönnuð og telst brot m.a. framið ef efni sem bannað er að nota samkvæmt bannlista WADA, niðurbrotsefni bannaðs efnis eða önnur efni sem gefa til kynna tilvist bannaðs efnis, finnast í sýni sem íþróttamaður gefur við lyfjaeftirlit (gr. 2.1). Grein 2.1.2. vísar til hvað telst fullnægjandi sönnun á broti á reglum um lyfjamisnotkun og á við í þessu tilfelli, þar sem bæði A- og B-sýni staðfesta bannað efni eða niðurbrotsefni þess við greiningu.

Með vísan til lýsingar á málavöxtum og framlagðra sönnunargagna er það mat Lyfjaráðs ÍSÍ að kærði hafi með háttsemi sinni gerst sekur um lyfjamisnotkun. Varðandi refsingu kærða bendir kærandi á að samkvæmt gr. 10.2.1 í lögum ÍSÍ um lyfjamál skal refsing fyrir fyrsta brot vera fjögurra ára óhlytgengi fyrir efni sem telst ekki sérstaklega tilgreint efni samkvæmt bannlistanum, nema að íþróttamaðurinn geti sýnt fram á að brotið á lyfjareglunni hafi ekki verið af yfirlögðu ráði (10.2.1.1.). En þar sem í þessu tilfelli er ekki um fyrsta brot að ræða skal beita grein 10.7 sem á við þegar um endurtekið/annað brot er að ræða, grein 10.7.1 (c) á við í þessu máli en þar segir að lengd óhlytgengis skuli vera „(c) tvöfaldur óhlytgengistími sem annars hefði gilt um annað brot á lyfjareglu sem farið er með eins og fyrsta brot, án tillits til styttingar samkvæmt grein 10.6.

Fram kemur í geinargerð kærða, dags. 13. júlí 2015, að hann hefur til lengri tíma átt við áfengis- og vímuefnavanda að stríða. Hann hafi verið að skemmta sér um kvöldið 4. maí og tekið inn amfetamín. Innritaði sig á Vog og dvaldi þar frá 1. til 10. júní og í framhaldi verið í eftirmeðferð á göngudeild SÁÁ í Efstaleiti. Samhliða þessu sækir kærði fundi vegna fíkniefnamála sinna.

Fram kemur að kærði eigi allt sitt undir þátttöku í hestamennsku. Hann sé landsþekktur meðal hestamanna og sé þar í fremstu röð. Þá sé hann einn vinsælasti tanníngamaður landsins og eigi því allt undir í þessu máli.

Samkvæmt greinargerð kærða er aðallega krafist sýknu. Fram kemur að samkvæmt lista ÍSÍ yfir bönnuð efni og aðferðir, sem styðst við alþjóðalyfjareglurnar, sé amfetamín flokkað sem S6a. Efnið sé á lista yfir efni sem bannað sé að nota í keppni. Með þessu sé gerður skýr greinarmunur á því og notkun efna sem bannað sé að nota í keppi og utan keppni. Samkvæmt þessu sé notkun amfetamíns ekki ólögleg íþróttamanni að því gefnu að hún eigi sér stað utan keppni.

Fram kemur að amfetamín hverfi úr blóði innan 12 klukkustunda en niðurbrotsefni þess kann að gæta í þvagsýni 2 til 5 daga. Kærði byggir á því að neysla á amfetamíni nokkrum dögum fyrir keppni

hafi verið honum að meinalausu, jafnvel þó myndefni eða leiðarmerki þess hafi verið að finna í þvagsýni meðan á keppni stóð.

Kærði gerir athugasemd við að sýni hafi ekki verið „stixuð“ í framhaldi af sýnatöku. Með tiltölulega einfaldri greiningu hefði mátt leiða í ljós hvort í þvagsýni væri amfetamín. Við jákvætt sýni hefði átt að taka úr kærða blóðsýni.

Í lögum ÍSÍ um lyfjamál og alþjóðalyfjareglunum sé gert ráð fyrir því að bæði séu tekin blóðsýni og þvagsýni. Ferli það sem ÍSÍ tilgreinir við lyfjaeftirlit geri hins vegar ekki ráð fyrir því að blóðsýni séu tekin heldur aðeins þvagsýni.

Varðandi varakröfu kærða kemur fram í greinargerð, að kærandi rugli saman lögum ÍSÍ sem giltu út árið 2014 og lögum sem gilda frá árinu 2015.

Í tíð eldri laga hafi refsing fyrir fyrsta brot verið tveggja ára óhlotgengi. Með nýju lögunum hafi þessu verið breytt þannig að reglan sé núna fjögurra ára óhlotgengi við fyrsta brot að jafnaði, en 2ja ára að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Varðandi viðurlög vísar kærði til greinar 10.2.2 í lögum ÍSÍ um lyfjamál, þar sem segir að ef grein 10.2.1 eigi ekki við, skal óhlotgengi vera tvö ár. Fram kemur að það byggir á því að kærði geti sýnt fram á að brotið á lyfjareglunni hafi ekki verið að yfirlögðu ráði.

Fram kemur í greinargerð kærða, að neysla kærða hafi átt sér stað nokkrum dögum fyrir keppni. Notkun amfetamíns sé ekki bönnuð utan keppni skv. bannlista WADA og efnið hafi engin árangursbætandi áhrif.

Kærði bendir einnig á grein 10.6.3 sem fjallar um viðurkenningu viðurkenningu á broti á lyfjalögum eftir ásökun um refsivert brot. Kærð hafi gengist við neyslu amfetamíns en að það hafi átt sér stað utan keppni og því honum það það refsilaust. Hins vegar teljist kærði ekki hafa fært fram nægar sönnur þá megi benda á að hann hafi gengist við neyslu sinni og beri að virða það honum til tekna. Í því samhengi megi einnig horfa til greinar 10.6.4 og ákveða kærða vægari refsingu. Þá sé sérstaklega vitnað til orða talsmanns WADA um markmið lyfjareglanna. Þær séu settar til þess að stemma stigu við lyfjanotkun og sem skekkir íþróttarárangur en ekki til þess að leysa samfélagsmein.

Samkvæmt greinargerð kæranda, dags. 20. júlí 2015, kemur fram að í kæru sem liggja fyrir dóminum sé skilmerkilega tilgreint að við rannsókn á A-sýni úr kærða hafi greinst örvandi efnið amfetamín, sem tilheyrir flokka S6a á bannlista WADA. Greining á B-sýni sem gerð var að ósk kærða staðfesti þá niðurstöðu. Efni í flokki S6 teljist ekki til svokallaðra „Sérstaklega tilgreindra efna“ sem þýði að mildun vegna notkunar þessara efna skuli lúta mun strangari kröfum.

Fram kemur í greinargerðinni, að lyfjaeftirlit gefi sér ekki fyrirfram að einstaklingur sé að nota fíkniefni, því svokölluð „stix próf“ séu nær öll hönnuð fyrir slíkt utan frjósemis/ólétu-stix. Þessi próf séu ekki samþykkt né vottuð af WADA sem nægilega örugg próf og hafi kærandi aldrei heyrt af neinu lyfjaeftirliti vottuðu af WADA sem noti slíkar aðferðir í lyfjaeftirliti. Blóðprufa hefði heldur ekki bætt neinum upplýsingum við niðurstöðu lyfjaprófsins, heldur einungis stutt við niðurstöðuna því amfetamín greinist í þvagi.

Hvergi sé gert ráð fyrir því að blóðsýni séu alltaf tekin við framkvæmd lyfjaeftirlits í lögum ÍSÍ um lyfjamál.

Varðandi varakröfu kærða kemur fram í greinargerðinni, að misskilnings gæti hjá lögmanni kærða varðandi beitingu greinar 10.7.1 c. Hér sé ekki verið að vísa til fyrsta brots kærða heldur, heldur brotsins sem nú væri til meðferðar. Ljóst sé að kærði eigi ekki að geta hagnast á því að fyrra brot hans hafði verið fyrir efni sem telst vægara (Sérstaklega tilgreint) þegar kemur að dómi um endurtekið brot. Síðan megi beita mildingu í samræmi við grein 10.6 ef það eigi við.

Fram kemur í greinargerð kæranda, að ljóst sé að kærði uppfylli hugtakið „að yfirlögðu ráði“. Hann hafi fallið á lyfjaprófi fyrir notkun skylds efnis á síðasta ári.

Einnig kemur fram, að amfetamín geti þrátt fyrir stöðu þess sem fíkniefni og skemmandi áhrif á fíkla, haft veruleg árangursbætandi áhrif fyrir íþróttamenn og þar sé sagan skýr um lagna hefð fyrir notkun þess hjá íþróttamönnum til að bæta árangur sinn.

Varðandi vísun kærða til greinar 10.6.3 og 10.6.4 kemur fram í greinargerð kæranda, að beiting þessara greina eigi við þegar íþróttamaður viðurkenni brot á lyfjareglu við staðhæfingu frá lyfjaeftirliti og að hægt sé af lyfjaráði í samráði við WADA að leggja á hann refsingu strax með hans samþykki án tilkomu dómstóls. Það sé ljóst að þetta eigi ekki við hér, þar sem kærði viðurkennir ekki brot á lyfjareglu heldur telur hann að hann hafi ekki gerst brotlegur. Fyrir utan að hafa verið verulega ósamstarfsviljugur í framkvæmd prófsins.

Samkvæmt skýrslu kærða fyrir dómi, dags. 23. september 2015, kemur fram að kærði kveðst vera alkóhólisti og hafi fallið á mánudaginn fyrir keppni og verið að fram á þriðjudag. Notar áfengi í miklu magni þegar hann fellur og einnig kveðst hann nota amfetamín til að geta drukkið lengur. Segist ekki hafa verið að hugsa neitt um keppnina þegar hann var í þessu ástandi. Kveðst hafa brugðið þegar hann var beðinn um lyfjapróf og fór í hálfgerst sjökk. Hágrét og sat fram á gangi. Kveðst sjá eftir því núna að hafa ekki gert grein fyrir ástandinu strax. Kveðst hafa klárað mótið í algeru ójafnvægi. Kveðst hafa pantað pláss á Vogu 14. maí og farið í meðferð 1. júní í 10 daga og stuðning í framhaldinu. Var í hléi í sumar en er byrjaður aftur í stuðningi. Kveður að sér sé það ljóst að þetta sé allt á hans ábyrgð. Kveðst vera í rúst eftir mikla neyslu. Kveður hafa starfað við hestamennsku allt sitt líf. Hann sé menntaður reiðkennari og hafi allar sínar tekjur af þessu, eigi konu og tvö börn. Þetta er hans ástríða. Hann hugsar um lítið annað. Hann vill ekkert frekar en að taka á sínum málum. Kveðst gera sér grein fyrir því að hann þurfi að taka afleiðingum gjörða sinna. Kveðst ekki nota amfetamín til árangursbætingar, notar það aðeins til að geta drukkið meira.

IV

Lagarök

Kröfur kæranda í máli þessu eru reistar á lögum ÍSÍ um lyfjamál en einkum er vísað til greinar 1.3. varðandi það til hverra lögin taka. Til greinar 4 sem mælir fyrir um að bannlisti WADA gildi um íþróttamenn innan ÍSÍ og greinar 2.1 varðandi tegundar brots. Þá vísar kærandi til greinar 10 varðandi viðurlög einkum greinar 10.2. og 10.7. og undirgreinar.

Kröfur kærða í máli þessu eru reistar á lögum ÍSÍ um lyfjamál, grein 2.1. og skýringum við grein 2.2.2 í eldri lögum ÍSÍ um lyfjamál. Grein 10.2.2, 10.6.3 og 10.6.4.

V

Niðurstöður

Kærði, sem er félagi í Hestamannafélaginu Ljúf, var boðaður í lyfjaeftirlit 8. maí 2015 á Reykjavíkurmestaramóti Fáks, sem fram fór í Víðidal dagana 6.-10. maí 2015.

Fram kemur í gögnum málsins, að kærði gekkst undir lyfjaeftirlit eftir fortölur aðstandenda og lét í té þvagsýni sem bæði voru send til greiningar í Svíþjóð. Samkvæmt niðurstöðum greininga var að finna örvandi efnið amfetamín í báðum þvagsýnum kærða. Amfetamín er í flokki S6a á bannlista WADA yfir efni og aðferðir sem bannað er að nota í keppni.

Fram kemur að þegar niðurstöður úr greiningu á fyrri sýni kærða (A-sýni), sem bárust lyfjaeftirlitinu 27. maí 2015, voru kynntar fyrir kærða 12. júní 2015, óskaði hann eftir því að síðara sýni (B-sýni) yrði einnig greint. Niðurstöður B-sýnis bárust lyfjaeftirlitinu 22. júní 2015 og reyndust þær styðja niðurstöður úr A-sýni.

Kærði gekkst undir bráðabirgðabann, dags. 12. júní 2015. Bráðabirgðabannið kveður á um að honum sé óheimilt að taka þátt í keppni eða annarri starfsemi á vegum aðildarfélaga Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands.

Fram kemur í gögnum málsins, að kærði var dæmdur til eins mánaðar óhlutgengis fyrir brot á lyfjalögum ÍSÍ, með dómi áfrýjunardómstóls ÍSÍ nr. 1/2014, dags. 18. júní 2014. Varðandi lengd óhlutgengis fyrir annað brot, vísar kærandi til greinar 10.7 í lögum ÍSÍ um lyfjamál.

Í kæru vísar kærandi til greinar 2.1 í lögum ÍSÍ um lyfjamál varðandi brot kærða á lyfjalögum, þegar tilvist bannaðs efnis eða niðurbrotsefnis þess eða annarra lífvísa finnast í líkamssýnum. Fram kemur í gögnum málsins að kærði hefur ekki mótmælt því að amfetamín hafi greinst í honum. Það er álit dómsins að kærandi hafi fært fram fullnægjandi sönnun fyrir því að kærði hafi gerst brotlegur við 2.1. grein laganna, með því að sýna fram á að örvandi efnið amfetamín hafi greinst í líkama kærða. Aðalkröfu kærða um sýknu er samkvæmt þessu hafnað.

Liggur þá fyrir að dæma viðurlög fyrir ofangreint brot á lyfjalögum. Í kæru vísar kærandi til greinar 10.2.1.1 lögum ÍSÍ um lyfjamál, sem kveður á um fjögurra ára óhlutgengi nema kærði geti sýnt fram á að brotið á lyfjareglunni hafi ekki verið að yfirlögðu ráði. Kærandi vísar til þess að amfetamín geti haft veruleg árangursbætandi áhrif fyrir íþróttamenn og þar sé sagan skýr um langa hefð fyrir notkun þess hjá íþróttamönnum til að bæta árangur sinn.

Kærði vísar til greinar 10.2.2 í varakröfu sinni, sem kveður á um tveggja ára óhlutgengi, þegar brotið er ekki af yfirlögðu ráði. Byggt er á því að kærði geti sýnt fram á að brotið á lyfjareglunni hafi ekki verið að yfirlögðu ráði. Fram kemur í skýrslu kærða fyrir dómi, að hann kveðst vera alkóhólisti og hafi fallið á mánudeginum fyrir keppni og verið að fram á þriðjudag. Kærði kveðst nota áfengi í miklu magni þegar hann fellur og einnig kveðst hann nota amfetamín til að geta drukkið lengur. Kveðst ekki hafa verið að hugsa neitt um keppnina þegar hann var í þessu ástandi. Kveðst gera sér grein fyrir því að hann þurfi að taka afleiðingum gjörða sinna. Kveðst ekki nota amfetamín til árangursbætingar.

Grein 10.2.3 kveður á um að brot á lyfjareglu vegna afbrigðilegrar niðurstöðu sýnis með efni sem er bara bannað í keppni, skuli ekki teljast af yfirlögðu ráði ef efnið er ekki sérstaklega tilgreint efni og kærði getur staðfest að bannaða efnið var notað utan keppni með þeim hætti sem tengdist ekki árangri í íþrótt. Með hliðsjón af framburði kærða fyrir dómi er það mat dómsins að hann hafi fært fram trúverðug rök fyrir því að hann hafi ekki neytt amfetamíns í þeim tilgangi að bæta árangur sinn í keppni. Það er þess vegna álit dómsins að beita beri ákvæðum 10.2.2. við úrlausn málsins og miða óhlutgengi kærða við 2 ár, áður en tekið hefur verið tillit til lengingar fyrir annað brot samkvæmt grein 10.7.

Samkvæmt grein 10.7.1 skal lengd óhlutgengis fyrir annað brot vera sá tími sem lengri er. Það er álit dómsins að grein 10.7.1.c eigi við í þessu máli, sem kveður á um að lengd óhlutgengis fyrir annað brot skuli vera tvöfaldur óhlutgengistími sem annars hefði gilt um annað brot á lyfjareglu sem farið er með eins og fyrsta brot, án tillits til styttingar samkvæmt grein 10.6.

Kærði vísar til 10.6.3. Fram kemur í 1. mgr. 10.6.3 að greinin eigi við þegar fyrir liggur viðurkenning á broti á lyfjareglu eða ásökun um refsivert brot samkvæmt grein 10.2.1 eða 10.3.1. Í þessu máli liggur fyrir að kærði braut gegn grein 10.2.2 og á ákvæðið þess vegna ekki við í málinu. Kærði vísar einnig til 10.6.4. Ekkert kemur fram í málinu um að kærði hafi sýnt fram á rétt til styttingar á refsingu samkvæmt greininni. Það er álit dómsins að greinin eigi ekki við í málinu.

Samkvæmt þessu er það niðurstaða dómsins að lengd óhlutgengis fyrir annað brot á lyfjalögum skuli vera tvöfaldur refsitími samkvæmt grein 10.2.2. Kærði er þess vegna dæmdur til fjögurra ára óhlutgengis til þátttöku í allri starfsemi sem fram fer á vegum ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra frá upphafi bráðabirgðabanns. Árangur kærða í keppni skal ógiltur eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Kærði, Þorvaldur Árni Þorvaldsson, er dæmdur til 4 ára óhlutgengis, til þátttöku í allri starfsemi sem fram fer á vegum ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra, frá 12. júní 2015 að telja.

Árangur kærða í keppni frá og með 8. maí 2015 og til og með 12. júní 2015 skal ógiltur.

Halldór Frímansson
(sign)

Sigurður I Halldórsson
(sign)

Sigurður Magnússon
(sign)

Birta skal aðilum dóm eða úrskurð á ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt, ef þeir eru ekki viðstaddir dómsuppsögn og skal þá jafnframt greint frá heimild aðila til áfrýjunar, áfrýjunarfresti og hvert áfrýja megi.

Heimilt er að skjóta til áfrýjunardómstóls ÍSÍ, dómum og úrskurðum dómstóls ÍSÍ. Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls ÍSÍ er ein vika frá því að aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu málsins, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að dómur undirréttar var upp kveðinn.

Tilkynna skal alla dóma um óhlutgengi félagi hins dómfellda og viðkomandi héraðssambandi/íþróttabandalagi og viðkomandi sérsambandi, ef um einstakling er að ræða.